

**Nd.**

**404. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um bráðabirgðalaunaviðbót til embættismanna.

Frá Sveini Ólafssyni.

1. Við 1. gr.

Greinin orðist svo:

Auk áður lögmæltra fastalauna veitist launaviðbót, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. Við 7. gr.

Greinin orðist svo:

Skólastjórar og fastir kennarar við mentaskólann, gagnfræðaskólann á Akureyri, stýrimannaskólann og vjelsjóraskólann, fá 500 kr. launabót hver á ári; sama launabót veitist einnig 1. og 2. aukakennara mentaskólans.

3. Við 12. gr.

Greinin orðist svo:

Dýrtiðaruppbót samkvæmt lögum nr. 59, 26. okt. 1917, greiðist af laununum eins og þau verða með launabótinni.

4. Við 13. gr.

Greinin verði þannig:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1919 og gilda uns breyttri skipun verður komið á laun embættismanna landsins yfirleitt.